



Dalapósturinn

16. tölublað, 7. árgangur
15. desember 2014

*Sveitarstjórn Dalabyggðar
óskar íbúum Dalabyggðar
glédilegra jóla og
farsæls komandi árs*



Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokuð á aðfangadag 24. desember og gamlársdag 31. desember.

Íbúð til leigu fyrir eldri borgara og lífeyrisþega

Um 81,6 m² íbúð að Gunnarsbraut 11a í Búðardal er laus til leigu frá 1. mars 2015.

Um úthlutun gilda „Reglur um úthlutun íbúðar eldri borgara og lífeyrisþega að Gunnarsbraut 11“ sem finna má á vef Dalabyggðar.

Skriflegum umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar fyrir 16. janúar 2015.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 430 4700 eða með tölvupósti sveitarstjori@dalir.is.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Viðurkenning fyrir umhverfismál

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 18. nóvember sl. fékk Svavar Garðarsson í Búðardal afhenta viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf á sviði umhverfismála í Dalabyggð.

Í máli Jóhannesar H. Haukssonar oddvita kom fram að Svavar hafi haft frumkvæði að því að sveitarstjórn ráðstafar fjármagni árlega til sjálfböðavinnuverkefna og hafi sjálfur verið einstaklega duglegur að sækja í sjóðinn til ýmissa umhverfisverkefna í Búðardal.

Ákvörðun um að veita Svavari viðurkenninguna var tekin á fundi sveitarstjórnar á degi íslenskrar náttúru 16. september.

Hundahreinsun

Hundahreinsun í Búðardal fer fram **miðvikudaginn 17. desember nk. kl. 16-18** hjá dýralækni að Ægisbraut 19.

Hundahreinsun í dreifbýli fer fram samhliða garnaveiki-bólusetningu sauðfjár. Hundaeigendur í dreifbýli sem ekki eiga sauðfé eru beðnir um láta dýralækni vita af þeim hundum svo hægt verði að meðhöndla þá í sömu ferð.

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Dalabyggð sætir hundahald í Búðardal takmörkunum. Eigendum hunda í Búðardal er skylt að skrá hunda sína á skrifstofu Dalabyggðar. Við skráningu ber hundeiganda að sýna váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundurinn sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll þau skilríki sem máli skipta.

Lausaganga hunda er óheimil í Búðardal og ekki má fara með þá inn í skólahús, leikvelli, skrifstofur, stofnanir, samkomuhús, verslanir eða starfstöðvar þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Eigendum hunda ber að sjá um að hundar þeirra raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Þá er og skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við skráningu og eftirlit með hundum í Búðardal skulu hundaeigendur greiða árlega gjald til sveitarsjóðs.

Tómstundabæklingur vor 2015

Áætlað er að gefa út tómstundabækling um tómstunda- og æskulýðsstarf janúar - maí 2015 í Dalabyggð. Æskilegt er að þeir sem standa að tómstunda- og félagsstarfi í sveitarfélaginu komi því á framfæri í bæklinginum. Þannig er hægt að koma fjölbreyttu félagsstarfi allra aldurshópa á framfæri á einum stað og þeir sem þess óska geta tekið þátt í því starfi. Sú nýbreytni verður og að fyrirtæki og aðrir geta keypt auglýsingar í bæklinginum og styrkt þannig útgáfu bæklingins með ódýrum auglýsingum. Hægt er að aðstoða við gerð auglýsinga, t.d. þorablót, viðburðir og fleira. Nánari upplýsingar veitir Guðni í síma 849 7336 eða á netfanginu tomstund@dalir.is.

Húsaleigubætur

Leigjendur geta átt rétt á húsaleigubótum skv. lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur.

Umsóknir um húsaleigubætur þurfa að berast skrifstofu Dalabyggðar fyrir **16. janúar 2015**. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánuðar.

Upplýsingar um húsaleigubætur og umsóknarblöð eru á heimasíðu Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins.

Með umsókn skulu fylgja frumrit þinglýsts húsaleigusamnings, íbúavottorð frá þjóðskrá, staðfest afrit skattframtals síðasta árs, launaseðlar þeirra er búa í íbúðinni fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald og staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri.

Íbúagátt Dalabyggðar

Í íbúagátt Dalabyggðar má sjá álagningu fasteignagjalda og útgefna reikninga frá sveitarfélaginu. Eldri borgarar og þeir sem þess óska fá þó áfram senda álagningaseðla og reikninga í bréfaþósti. Tengill er inn á íbúagáttina af heimasíðu sveitarfélagsins.

Jólastund á Byggðasafni Dalamanna

Sunnudaginn 21. desember kl. 14-16 verður jólastund á sögustundatímanum. Með dyggri aðstoð fjölskyldunnar á Skerðingsstöðum verður ýmislegt um að vera á safninu.

Þegar líða tekur á desembermánuð fara að sjást ummerki um gestagang á safninu utan opnunartíma. Grunur leikur á að þar séu 13 bræður á ferð og verður því leitað ýmissa ummerkja eftir þá á safninu.

Aðgangseyrir er sem fyrr 500 kr fyrir fullorðna. Frítt er fyrir þá sem hafa greitt aðgangseyrir inn á safnið eða sögustund á árinu.

Sælingsdalslaug janúar 2015

Opnunartímar 6. janúar—31. janúar

þriðjudagar kl. 15:30 - 20:00

miðvikudagar kl. 18:00 - 21:45

fimmtudagar kl. 15:30 - 18:00

Opið verður til reynslu fyrir alla í sund á þriðjudögum frá kl. 15:30. Engin tími er laus í íþróttasalnum fram að páskum nema um helga og frá og með 1. janúar verður bumbubolti lagður niður. Þeir sem vilja spila fótbolta eru beðnir að hafa samband við Guðna hjá UDN, en UDN verður með tvær fótboltaæfingar í viku á Laugum eftir áramót. Opnunartími sundlaugarinnar miðast að hluta til við æfingar í húsinu.

Þeir sem vilja koma sérstaklega að synda er velkomið að hafa samband við forstöðumann upp á möguleika á að synda í lauginni fyrir utan opnunartíma. T.d. er hægt að synda þá daga sem Ungmennabúðirnar eru með opið því þá er sundvörður á svæðinu, en því miður er ekki pláss í pottinum. Ungmennabúðirnar nýta laugina á mánudögum kl. 20-21, þriðjudögum kl. 20-21 og miðvikudögum kl. 17-18 (mjög fáir unglingar sem nýta þá opnun).

Þá geta hópar samið um sérofnun með fyrirvara. Starfsemi er að öllu jöfnu á Laugum mánudaga—fimmtudaga kl. 8-18.